

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Nr. 106/1946. **Helgi Thorlacius** (Hrl. Magnús Thorlacius) —
 gegn

Steindóri Einarssyni (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
 Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1946. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 60 767.92 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að honum verði ákveðinn lögveðréttur í bifreiðinni R 1483 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæfilegt telst að ákveða áfrýjanda bætur samkvæmt 5. og 6. kröfulið samtals kr. 3200.00. Að öðru leyti þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um bætur áfrýjanda til handa með skírskotun til forsendna dómsins, en rétt þykir að taka til greina kröfu áfrýjanda um upphafstíma vaxta.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Ákveða ber áfrýjanda samkvæmt kröfu hans lögveðrétt í bifreiðinni R 1483 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi Steindór Einarsson greiði áfrýjanda Helga Thorlacius kr. 4042.12 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 1500.00. Á áfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni R 1483 fyrir fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 20. þ. m., hefur Helgi Thorlacius verzlunarmaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. júní 1944, gegn Steindóri bifreiðareiganda Einarssyni, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 13 180.12 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 12. júní 1945, hefur hann hækkað kröfur sínar í kr. 60 767.92 með 6% ársvöxtum frá 4. júlí 1943 og jafnframt krafizt málskostnaðar að skaðlausu. Loks hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur honum til handa fyrir fyrrgreindum kröfum í bifreiðinni R 1483.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda að mati dómarsans og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Trolle & Rothe h/f, sem nefnd bifreið var tryggð hjá, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því né hefir það haft uppi dómkröfur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. júlí 1943 tók stefnandi máls þessa sér far með áætlunar-bifreiðinni R 1483 frá Þingvöllum til Reykjavíkur. Bifreið þessi, sem er farþegabifreið og rúmar 21 farþega, er eign stefnda. Bifreiðinni, sem var fullskipuð farþegum, var ekið sem leið liggur frá Þingvöllum áleiðis til Reykjavíkur. Um kl. 20 var bifreiðin stödd á veginum nálægt Kárastöðum í Þingvallasveit. Vildi þá það óhapp til, að hægri framhjóll bifreiðarinnar datt undan henni og rann í burtu. Við það féll bifreiðin niður á „bremsuskálina“ og rann áfram, en bifreiðarstjórinn missti stjórnar á henni. Er hún hafði runnið áfram eftir veginum um 35 metra, fór hún út af honum vinstra megin og lagðist á hægri hliðina. Við þetta hlutu allmargir farþegar meiðsl og þar á meðal stefnandi.

Telur stefnandi, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að stefndi beri bótaábyrgð á öllu tjóni, er af hafi hlotizt, samkvæmt 1. mgr. 34. gr. sbr. 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941

Stefndi hefur viðurkennt bótaábyrgð sína vegna slyss þessa, og kemur því aðeins til athugunar fjárhæð bótakröfu stefnanda.

Bótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Greitt fyrir umbúðir og aðstoð á læknavarðstofunni	kr.	22.12
2. Bætur fyrir fataskemmdir	—	1 158.00
3. Örorka	—	44 080.80
4. Greitt fyrir læknishjálp	—	507.00
5. Bætur fyrir varanleg lýti	—	10 000.00
6. Bætur fyrir þjáningar	—	5 000.00

Samtals kr. 60 767.92

Um 1. Stefnandi hefur viðurkennt lið þenna, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Stefnandi telur, að eftirtalin föt sin hafi eyðilagzt við að atast í blóði og óhreinindum, er umrætt slys varð: Hattur, frakki, alklæðnaður, 2 vasaklútar, skór og auk þess sólgleraugu.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem of háum.

Ljóst er af framburði stefnanda og vottorðum lækna, er gerðu að sárum hans, að föt stefnanda hafa skemmt nokkuð af blóði. Hins vegar er ekki leitt í ljós, að þau hafi rifnað eða orðið fyrir öðrum skemmdum en þeim, sem ráða megi að mestu bót á með hreinsun. Að þessu athuguðu þykja bætur til stefnanda samkvæmt lið þessum hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Um 3. Skýrir stefnandi svo frá, að er bifreiðin valt á hliðina, hafi hann kastast úr sæti sínu út í hægri hlið bifreiðarinnar og lent þar á ljósastæði, sem hafi verið upp undir þaki hennar, en fallið þaðan niður með hliðinni milli bekkja bifreiðarinnar. Við þetta hafi hann fengið allmikið sár á höfuðið. Stefnandi var strax eftir slysið fluttur á læknavarðstofuna í Reykjavík, og var þar gert að meiðslum hans. Í vottorði læknis varðstofunnar segir m. a. svo um meiðsli stefnanda: „Á enni hans var mjög mikið gapandi vinkilmyndað sár, 9—10 cm langt, frá hársverði og niður fyrir mitt enni, ca. í miðlinu. Auk þess sáust smá húðskrámur á nesi og höndum. Sárið saumað saman með tveim silkipráðum og 3 klemmum. Umbúðir.“ Daginn eftir slysið fór stefnandi í skoðun til Bjarna læknis Bjarnasonar. Í vottorði hans til Tryggingarstofnunar ríkisins, dags. 7. s. m., segir svo um meiðsli stefnanda: „Stórt sár á enni — glóðarauga á báðum augum — mar og bólga aftan á hálsi.

Contusiones & vulnera cap. var. locor.“

Læknir þessi stundaði síðan stefnanda þar til 20. s. m., en þann dag brottskráði hann stefnanda sem vinnufæran. Um 4—6 mánuðum eftir slysið kveðst stefnandi hafa orðið var við, að vinstri axlarliður var stirður og að hann hafi átt erfitt með að hreyfa hendina aftur fyrir bakið. Leitaði hann þá á ný til Bjarna Bjarnasonar læknis, er vísaði honum í nuddaðgerðir til Kristjáns Hannessonar læknis. Í vottorði þess læknis segir, að stefnandi hafi: „periarthrosis humero-scapularis sin post. traumat.“ Var stefnandi til lækninga hjá honum frá 29. september 1944 til 10. nóvember s. á., en fékk eigi bata.

Tryggingarlæknir ríkisins, Jóhann Sæmundsson, hefur metið örorku stefnanda vegna sjúkdóms þessa í öxlinni, er hann telur varanlega, um 15%.

Stefnandi, sem hefur komið fyrir dóm í málinu, skýrir svo frá, að er hann hafi fengið högg það, er að framan getur, á höfuðið, hafi hann dofnað svo, að hann geti ekki sagt um, hvort hann hafi einnig meiðzt í öxlinni, en hann telur líklegt, að hann hafi fengið

högg á öxlina, er hann féll niður milli bekkja bifreiðarinnar, enda hafi hann, 2 dögum eftir slysið, verið orðinn mjög bólginn vinstra megin á hálsinum og niður á öxlinni. Þá kveðst stefnandi aldrei hafa orðið fyrir neinu höggi eða áverka á öxlina, hvorki fyrir né eftir umrætt slys. Sjúkdómur þessi hljóti því að vera afleiðing af slysinu og beri stefnda að bæta sér tjón það, er hann hafi beðið vegna hans.

Stefndi hefur mótmælt lið þessum.

Eins og að framan segir, getur stefnandi ekki fullyrt neitt um, hvort hann hafi hlotið högg á öxlina, er slysið vildi til, og læknisvottorð eftir fyrstu skoðanir á honum geta ekkert um einkenni eftir slíkt. Hins vegar hefur Bjarni Bjarnason læknir gefið vottorð hinn 5. október 1944 um ástand stefnanda, er hann leitaði til hans daginn eftir slysið, og segir þar m. a. svo: „Enn fremur bóлга og eymsli um v. axlarlið aftur á herðablað og eymsli í hálsvöðvum v. megin, gat ekki snúið til höfðinu né lyft v. handl. nema lítið eitt.“ Þá segir enn fremur, að stefnandi hafi kvartað lengi um höfuðverk og stírðleika í hálsi og enn fremur um þrautir og stírðleika í öxlinni við erfiðisvinnu. Læknarnir Bjarni Bjarnason og Björgvin Finnsson hafa báðir komið fyrir dóm í málinu. Bjarni Bjarnason kveðst hafa orðið þess var, er hann skoðaði stefnanda daginn eftir slysið, að hann hafi verið bólginn vinstra megin á hálsinum og niður á öxl. Bólgu þessa hafi hann talið geta staðið í sambandi við sárið á höfðinu. Hafi hann búizt við, að hún mundi hjaðna um leið og sárið gréri og því ekki fundizt ástæða til að geta um hana í vottorði sínu til Tryggingarstofnunarinnar. Björgvin Finnsson minnst þess ekki, að stefnandi hafi verið annars staðar meiddur en getur á vottorði hans, en tekur þó fram, að hugsanlegt sé, að stefnandi hafi meiðzt í öxlinni, þótt hann hafi ekki orðið þess var, er hann gerði að meiðslum hans. Mál þetta hefur verið borið undir lækna ráð að því er varðar það atriði, hvort kvilli sá í vinstri öxl stefnanda, er um ræðir, fái talizt afleiðing af nefndu slysi, og er ályktun réttarmáladeildar lækna ráðs svo hljóðandi: „Það er almennt viðurkennt, að periarthrosis humero-scapularis getur stafað af áverka á öxl, en hitt er líka vitað, að sjúkdómurinn gerir oft vart við sig án nokkurs undangengins áverka, ekki sízt, er eldri menn eiga í hlut. Eigi þess vegna að setja sjúkdóminn í samband við slys og telja hann afleiðing af slysinu, verður að krefjast þess, að um verulegan áverka hafi verið að ræða. Nú þykir það mjög ósennilegt, að stefnandi hafi hlotið verulegan áverka á öxlina, þegar hann varð fyrir bilslýsinu, þó að læknir láti í té um það vottorð „eftir minni“ 15 mánuðum eftir atburðinn. Þegar eftir slysið og skömmu síðar, þegar fyrstu læknisvottorðin eru rituð, virðist enginn hafa gefið gaur neinum áverka á öxlina. Hinn slasaði verður fljótt vinnufær eftir slysið. Í kröfu sinni til bileigandans í nóv. 1943 minnst stefnandi ekki á öxlina, og samkvæmt

seinni upplýsingum slasaða fer ekki að bera á sjúkdómnum í öxl-
inni fyrr en 4—6 mánuðum eftir slysið, þ. e. svo löngu síðar, að
ösendilegt þykir, að um orsakasamband sé að ræða milli slyssins
og axlarsjúkdómsins.“ Af hálfu stefnanda hefur því í þessu sam-
bandi verið haldið fram, að lækna ráð hafi ekki verið löglega skip-
að, þar sem einungis þrír lækna ráðsmenn tóku þátt í afgreiðslu
málsins. Með skirskotun til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 14 frá 1942 verður
ekki talið, að þessi skoðun stefnanda hafi við rök að styðjast.

Með skirskotun til framangreindrar ályktunar lækna ráðsins svo
og annars þess, sem upp er komið í málinu varðandi lið þenna, eru
eigi leiddar nægar sönnur að því, að margnefndur sjúkdómur
stefnanda eigi rót sína að tekja til slyssins, og þykir því verða að
sýkna stefnda af kröfu stefnanda, að því er hann varðar.

Um 4. Af skjölum málsins er sýnt, að liður þessi er allur til
kominn vegna axlarsjúkdóms stefnanda, að undanskildum kr. 20.00
til lækna Bjarna Bjarnasonar og Björgvins Finnssonar. Með
visan til þess, er að framan segir um lið 3, verður stefnda, sem eigi
hefur andmælt hinni tölulegu fjárhæð, einungis gert að greiða
stefnanda kr. 20.00 samkvæmt þessum lið.

Um 5 og 6. Við slysið hlaut stefnandi mjög mikið gapandi vinkil-
myndað sár, 9—10 cm langt, frá hársverði og niður fyrir mitt enni
ca. í miðlinu. Í vottorði Jóhanns Sæmundssonar læknis, dags. 20.
október 1944, segir m. a. svo: „Á enni sést vinkilmyndað fullgróið
ör, sem enn er dálítið rauðleitara en hörundið umhverfis, en þó
ekki til stórra lýta. Örið er því sem næst á miðju enni um 8—9
cm langt frá hársverði niður.“ Telja verður að stefnandi, sem er
sextugur að aldri, eigi rétt til nokkra bóta úr hendi stefna vegna
lýtis þessa.

Meiðsl þau, er stefnandi hlaut við slysið, voru þau, eins og að
framan getur, að hann hlaut sár á enni, högg á höfuðið og skrá-
mur á andlit og hendur. Daginn eftir var hann orðinn all bólgin
í andliti, með glóðarauga á báðum augum og átti erfitt með að
hreyfa höfuðið sökum bólgu aftur á höfðinu og niður á herða-
blað. Sár hans gréru hins vegar fljótt, og, eins og fyrr en sagt, taldi
læknir hans hann vinnufæran 16 dögum eftir slysið. Að þessu at-
huguðu þykja bætur til stefnanda samkvæmt báðum þessum lið-
um hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda verður gert að greiða
stefnanda kr. 3342.12 (kr. 22.12 + kr. 800.00 + kr. 20.00 + kr.
2500.00) með 6% ársvöxtum, er reiknast frá stefnudegi. Þá þykir
rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega
ákveðinn kr. 600.00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda
um lögveðrétt, enda á hún við lög að styðjast.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Framangreindur lögveðréttur er viðurkenndur.

Stefndi Steindór Einarsson greiði stefnanda Helga Thorlacius kr. 3342.12 með 6% ársvöxtum frá 9. júní 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Nr. 138/1947. Réttvísín (Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Herði Lárusi Valdimarssyni, Magnúsi Aðalsteini Aðalsteinssyni, Hinriki Ragnarssyni og Þórarni Andréssyni Sigurðssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Atferli það, sem lýst er í V. kafla héraðsdómsins, var framið með þeim hætti, að ákærða Hinrik hlaut að vera ljóst, að um þjófnað var að ræða. Þátttaka hans varðar því við 244. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru afbrot ákærðu rétt færð til refsíákvæða.

Með hliðsjón af 72. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærðu Harðar Lárusar og Magnúsar Aðalsteins hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár og 4 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma þeirra.

Hegningarauki ákærða Hinriks ákveðst fangelsi 3 mánuði.

Refsing ákærða Þórarins er hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. En fullnustu refsingar hans þykir mega fresta, og falli hún niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði haldin skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, sbr. 20. gr. bifreiða-